

Teygjanlegt pólýúretankerfi - tæknilýsingarblað

Efnislýsing:

ULTRA 6000 PU er þriggja þátta leysiefnalaust pólýúretan, sem samanstendur af ólituðum kvarssandi og lituðu tveggja þátta pólýúretan bindiefni. ULTRA 6000 PU er lagt um það bil 5mm þykkt og er ákjósanlegt þar sem undirlag er óstöðugt svo sem sprungin steypa, malbik o.þ.h.

Kostir:



Helstu kostir ULTRA 6000 PU gólfefnisins eru, að efnið er teygjanlegt og með upphleyptri áferð sem gerir efnið hálkufrítt. ULTRA 6000 PU er lagt samskeytalaust þ.e.a.s. hefur samfelld yfirborð, sem auðvelt er að þrifa. ULTRA 6000 PU er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli eða umhverfið hvorki við lögn né eftir á.

Notkunarvið:

Helsta notkunarvið ULTRA 6000 PU eru utandyra, á palla, stéttar og síðast en ekki síst á bifreiðageymslur. Hægt er að fá ULTRA 6000 PU í nokkrum staðallitum.

Eiginleikar:

ULTRA 6000 PU er efnaþolið og algjörlega vatnshelt. Varast ber þó að nota á það sterkan lút eða sýru. ULTRA 6000 PU er slitsterkt en hægt er að auka slitstyrkinn með því að nota áloxíð eða bauxít sem fylliefni í stað kvarssands. Hitapol er gott en með því að auka þykkt eykst hitapol.



Lagning ULTRA 6000 PU skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.

Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 3 dagar
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C

Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxy bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.